

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1355
komudagur 15. 3. 2004



Akureyrarbær
Skóladeild

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

, 10. mars 2004
Tilvísun: 2004020103 / 03-010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

Akureyrarbær telur frumvarpið til bóta að flestu leyti. T.d. skýrir það eignarhlut aðila þegar fleiri aðilar byggja saman og skiptingu húsaleigu við samþykktar nýbyggingar eftir 1 janúar 2005 og er það hið besta mál. Velta má því aftur á móti fyrir sér hvers vegna það verður áfram opið hvert framlag sveitarfélaganna er til byggingakostnaðar eða greiðslu húsaleigu. Það getur kallað á að ekki verði farið eftir metinni þörf fyrir byggingu heldur efnum sveitarfélagsins hvar byggt verður hverju sinni. Jafnframt mun það áfram leiða til þess að sumum sveitarfélögum finnist þau neydd til að leggja fram meira en lágmarks% til að flýta byggingu ef þörfin er brýn. Ekki er að finna sambærileg ákvæði um aukið framlag til handa ríkisvaldinu í öðru samstarfi ríkis og sveitarfélaga um byggingarmál. Hver er ástæðan? Hins vegar er rétt að minna á að lengi hefur verið barist fyrir einföldun í samskiptum ríkis og sveitarfélaga og því ætti sem fyrst að gera breytingar á þessari skiptingu þannig að annar aðilinn sé alfarið ábyrgur fyrir byggingarkostnaði.

Í reglugerðinni eru settar hámarksfjárhæðir (öðru nafni norm) á hlutdeild ríkisins í stofnkostnaði pr. fm. Ástæða þykir til að minna á að samskonar norm hefur valdið mikilli óánægju sveitarfélaga vegna bygginga framhaldsskóla og leitt til þess að hlutur ríkisins hefur verið rýrari en skiptingin 40 / 60 segir til um. Þar sem ríkið mun leggja fram meirihluta stofnkostnaðar í væntanlegum nýbyggingum munu þær væntanlega flestar verða byggðar að undangengnu útboði á vegum Framkvæmdasýslu ríkisins. Vegna þess og líka af siðferðilegum ástæðum er vandséð hvernig ríkið getur hugsanlega skotið sér undan ábyrgð á sameiginlegum byggingum með ákvæðum um norm og velt yfir á sveitarfélögin allri áhættu í þessum efnum. Það hlýtur að vera hægt að finna sanngjarnari leið fyrir báða aðila í þessum efnum.

Ákvæðið um fjármagn til viðhalds húsnæðis dagvistar-, dvalar- og hjúkrunarheimila er væntanlega frekari staðfesting á húsnæðisgjaldinu sem greitt var á árinu 2003. Það vantar hins vegar í reglugerðardrögin hvernig reikna skal þessa upphæð út og virðist sem hún sé ákveðin einhliða af ráðuneytinu hverju sinni. Eðlilegra mætti telja að viðmið t.d. við endurmetinn stofnkostnað (mat FMR) eða eitthvað annað, væri sett inn í reglugerðina til að gera hana ljósari fyrir alla aðila.

Akureyrarbær fagnar því ákvæði laganna að hætt verði að veita fjármagni úr framkvæmdasjóðnum til rekstrar og áætlað að þeir fjármunir muni í staðinn fara til uppbyggingar hjúkrunarheimila. Mun það örugglega leiða til þess að hægt verði að stytta



biðlista eftir hjúkrunarrýmum fyrir aldraða þar sem það er brýnast. Akureyrarbær vill hins vegar minna á að veruleg fjölgun aldraðra á næstu áratugum sem hlutfall íbúa mun að öllum líkindum auka byggingarþörfina og því nauðsynlegt að efla framkvæmdasjóðinn til að takast á við þá þróun. Mikilvægt er að leggja áherslu á eflingu sjóðsins sem allra fyrst svo hægt verði að fylgja þróuninni eftir.

Ákvæði laganna um skýrari kröfur vegna framkvæmda- og rekstrarleyfa eru eðlileg af hálfu ríkisvaldsins. Í skilmálablaði með umsóknum eru settar fram kröfur til rekstraraðila um þjónustu og fl. fyrir íbúa/vistmenn. Jafnframt segir að "Daggjöldum og húsnæðisgjaldi vegna viðhalds er ætlað að standa undir öllum rekstrarkostnaði við þjónustu og kostnaði við að mæta þeim kröfum sem gerðar eru um rekstur stofnunar í lögum, reglugerðum og skilmálablaði. Daggjöld og húsnæðisgjald vegna viðhalds miðast við að rekstraraðili beri fulla ábyrgð á öllum rekstri sínum" "Krafan til rekstraraðilans er rík og bundin í lögum, reglugerðum o.s. frv. sem sett er af ríkinu. Þegar kemur að greiðslum fyrir þessa þjónustu er orðalagið öðruvísi og kaupandi þjónustunnar (þ.e. ríkið) ákveður einhliða hvaða verð hann er tilbúinn að greiða fyrir hana á hverju ári. Við útreikninga daggjalds er " m.a. tekið tillit til meðalrekstrarkostnaðar sambærilegra stofnana og heimilaðra fjárveitinga á fjárlögum." Þrátt fyrir ítrekaðar athugasemdir rekstraraðila í öldrunarþjónustu hefur ekki verið hægt að fá upplýsingar frá kaupanda þjónustunnar þ.e. ríkinu um hvernig daggjald hvernig stofnunar er reiknað út. Ekki er hægt að segja að þessi vinnubrögð séu í samræmi við nýjungar í opinberri stjórnsýslu þar sem rík áhersla er lögð á skýrar verklagsreglur og að hægt sé að fá rökstuðning fyrir ákvörðunum opinberra aðila. Gott væri ef breyting yrði hér á og þessi atriði væru skýrð í frumvarpinu.

Bestu kveðjur
f.h. Akureyrarbæjar

Karl Guðmundsson
sviðsstjóri félagssviðs